

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Egilsstaðir, 10.8.2023
UST202301-259/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25.5.2023 - Samherji fiskeldi, Núpsmýri Öxarfirði

Þann 25. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Samherja fiskeldis, Núpsmýri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Tryggja þarf að öll tilskilin gögn fylgi ársyfirliti og að upplýsingar í því séu settar fram á skýran hátt
2. Áætla þarf með nákvæmari hætti magn þurrefnis í seyru sem fjarlægð er úr settjörn
3. Huga þarf að umgengni á lóð og draga úr hættu á mengunaróhöppum

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Olíusmit er sýnilegt í jarðvegi við olíugeyma. Árekstravarnir vantar við geyma. Frágangi við efnaskáp er ábótavant, en engin virk lekavörn er á honum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu frávik í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31.ágúst 2023.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri